

Hagnaður N1 963 milljón króna á 3. ársfjórðungi 2017

Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 1.409 m.kr. á 3F 2017 samanborið við 1.472 m.kr. á 3F 2016
- Framlegð af vörusölu jókst um 2,8% á 3F 2017 sem skýrist að mestu af hagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði með olíu
- Þróun á heimsmarkaðsverði á eldsneyti hafði jákvæð áhrif á 3F 2017
- Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 0,4% á milli ára
- Umferð á þjóðvegum landsins jókst um 8,0% á milli 3F 2017 og 3F 2016
- Eigið fé var 13.461 m.kr. og eiginfjárlutfall 46,4% í lok 3F 2017

Púsundir króna	3F 2017	3F 2016	Breyt.	% Breyt.	9M 2017	9M 2016	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	3.497.459	3.402.907	94.552	2,8%	8.598.446	8.520.502	77.944	0,9%
Aðrar rekstrartekjur	92.546	91.344	1.202	1,3%	294.035	279.238	14.797	5,3%
EBITDA	1.409.305	1.472.431	-63.126	-4,3%	2.698.564	2.949.942	-251.378	-8,5%
EBIT	1.161.172	1.291.178	-130.006	-10,1%	1.965.139	2.418.250	-453.111	-18,7%
EBT	1.183.438	1.297.660	-114.222	-8,8%	1.978.496	2.335.078	-356.582	-15,3%
Hagnaður tímabilsins	962.697	1.071.893	-109.196	-10,2%	1.628.845	1.903.321	-274.476	-14,4%
Efnahagsreikningur								
Birgðir					3.145.858	2.731.101	414.757	15,2%
Viðskiptakröfur					3.261.162	3.106.694	154.468	5,0%
Vaxtaberandi skuldir					8.000.000	6.370.000	1.630.000	25,6%
Handbært fé					3.083.269	3.867.222	-783.953	-20,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir					4.951.866	2.578.988	2.372.878	92,0%
Sjóðstreymi								
Handbært fé frá rekstri	1.539.809	2.763.982	-1.224.173	-44,3%	2.768.995	3.540.108	-771.113	-21,8%
Fjárfestingahreyfingar	-1.778.032	-218.580	-1.559.452	713,4%	-1.951.267	-713.480	-1.237.787	173,5%
Fjármögnunarahreyfingar	907.670	-152.915	1.060.585	-693,6%	-33.551	-1.435.385	1.401.834	-97,7%
Handbært fé í lok tímabils	3.083.269	3.867.222	-783.953	-20,3%	3.083.269	3.867.222	-783.953	-20,3%
Lykiltölur								
EBITDA/framlegð	40,3%	43,3%	-3,0%	-6,9%	31,4%	34,6%	-3,2%	-9,4%
Eiginfjárlutfall					46,4%	39,6%	6,8%	0,17172
Laun/framlegð	31,7%	30,3%	1,4%	4,5%	39,0%	36,3%	2,7%	7,5%
Hagnaður á hlut	3,85	3,06	0,79	25,7%	6,52	5,44	1,08	19,9%
Arðsemi eigin fjár					17,2%	33,2%	-16,0%	-48,2%
Fjárfestingar	-1.781.116	-280.149	-1.500.967	-535,8%	-2.185.383	-866.313	-1.319.070	152,3%
Veltuhraði birgða	8,99	9,72	-0,73	-7,5%	7,67	8,40	-0,73	-8,7%

Rekstur þriðja ársfjórðungs

Púsundir króna	3F 2017	3F 2016	Breyt.	% Breyt.	9M 2017	9M 2016	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	3.497.459	3.402.907	94.552	2,8%	8.598.446	8.520.502	77.944	0,9%
Aðrar rekstrartekjur	92.546	91.344	1.202	1,3%	294.035	279.238	14.797	5,3%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.109.297	-1.032.601	76.696	7,4%	-3.352.918	-3.090.346	262.572	8,5%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-620.178	-593.785	26.393	4,4%	-1.610.079	-1.576.566	33.513	2,1%
Annar rekstrarkostnaður	-451.225	-395.433	55.792	14,1%	-1.230.920	-1.182.885	48.035	4,1%
EBITDA	1.409.305	1.472.431	-63.126	-4,3%	2.698.564	2.949.943	-251.379	-8,5%

EBITDA á 3F 2017 var 1.409 m.kr. samanborið við 1.472 m.kr. á 3F 2016 en kostnaður við kaup á FESTI var 52 m.kr. á 3F 2017 og 10 m.kr. á 2F 2017 eða samtals 62 m.kr. Aukning í framlegð af vörusölu skýrist að mestu af hagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði með olíu. Samningsbundnar launahækkunar skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á þriðja ársfjórðungi 2017 miðað við sama tímabil 2016 ásamt fjölgun stöðugilda. Hækkun í öðrum rekstrarkostnaði má rekja að mestu til kostnaðar við kaup á FESTI.

Tekjur á þriðja ársfjórðungi

Púsundir lítra / velta í öðrum vörum í púsundum króna	3F 2017	3F 2016	Breyt.	% Breyt.	9M 2017	9M 2016	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	17.767	19.637	-1.870	-9,5%	46.349	47.545	-1.196	-2,5%
Selt magn - gasolía	31.033	28.992	2.041	7,0%	76.685	70.539	6.146	8,7%
Selt magn - heild án JET	78.101	76.982	1.119	1,5%	178.655	185.469	-6.813	-3,7%
Velta annarra vara	3.094.088	3.080.903	13.184	0,4%	8.265.811	8.095.189	170.621	2,1%
Framlegð eldsneytis	2.075.508	1.973.014	102.494	5,2%	4.745.697	4.826.496	-80.799	-1,7%
Framlegð annarra vara	1.421.951	1.429.892	-7.942	-0,6%	3.852.749	3.694.005	158.743	4,3%

Selt magn án JET jókst um 1,5% á 3F 2017 samanborið við 3F 2016. Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 0,4% á milli 3F 2017 og 3F 2016. Þróun á heimsmarkaðsverði olíu skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 3F 2017 er hærri en á 3F 2016 en aukin samkeppni á einstaklingsmarkaði hafði einnig áhrif til lækkunar. Heimsmarkaðsverð á bensíni hækkaði um 5,8% á 3F 2017 og verð á gasolíu hækkaði um 21,1% á sama tímabili á meðan verð á bensíni og gasolíu hækkaði um 3% á sama tímabili 2016. Velta annarra vara jókst um 0,4% á 3F 2017 samanborið við 3F 2016.

Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs hefur ákveðið að sölutölur verði ekki framar sendar olíufélögunum samkvæmt tilmælum frá Samkeppniseftirlitinu og eru tölur um markaðshlutdeild því ekki lengur aðgengilegar fyrir félagið.

Rekstrarkostnaður á þriðja ársfjórðungi

Þúsundir króna	3F 2017	3F 2016	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-1.109.297	-1.032.601	76.696	7,4%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-620.178	-593.785	26.393	4,4%
Annar rekstrarkostnaður	-451.225	-395.433	55.792	14,1%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 3F 2017 var 602 en var 597 á 3F 2016. Samningsbundnar launahækkanir skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á þriðja ársfjórðungi 2017 miðað við sama tímabil 2016 ásamt fjölgun stöðugilda. Sölu- og dreifingarkostnaður var 4,4% hærri á 3F 2017 heldur en á 3F 2016. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 14% á 3F 2017 miðað við 3F 2016 en hækkunin er að mestu tilkomin vegna kostnaðar við kaup á FESTI sem var 52 m.kr. á 3F 2017 og 10 m.kr. á 2F 2017 eða samtals 62 m.kr.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur voru lægri á 3F 2017 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri stöðu handbærs fjár og lægri innlánsvaxta. Fjármagnsgjöld eru lægri á 3F 2017 samanborið við 3F 2016 vegna lægri vaxta af langtímaláni. Gengishagnaður vegna þróunar á gengi USD var 20 m.kr. á 3F 2017 en á 3F 2016 var gengistap 25 m.kr. Afkoma hlutdeildarféлага var lægri á 3F 2017 en á 3F 2016.

Þúsundir króna	3F 2017	3F 2016	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	16.517	34.801	-18.284	-52,5%
Fjármagnsgjöld	-97.849	-113.665	-15.816	-13,9%
Gengismunur	20.129	-25.076	45.205	-180,3%
Áhrif hlutdeildarféлага	82.778	111.900	-29.122	-26,0%
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	689	-1.478	2.167	-146,6%
Samtals	22.266	6.482	15.784	243,5%

Efnahagur og fjárhagsleg staða

Púsundir króna	9M 2017	9M 2016	Breyting	% Breyting
Birgðir	3.145.858	2.731.101	414.757	15,2%
Viðskiptakröfur	3.261.162	3.106.694	154.468	5,0%
Vaxtaberandi skuldir	8.000.000	6.370.000	1.630.000	25,6%
Handbært fé	3.083.269	3.867.222	-783.953	-20,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir	4.951.866	2.578.988	2.372.878	92,0%
Eiginfjárlutfall	46,4%	39,6%	6,8%	17,2%
Veltuhraði birgða	7,67	8,4	-0,73	-8,7%

Birgðir hækka um 15% á milli 3F 2016 og 3F 2017 og skýringin að mestu hærra heimsmarkaðsverð með olíu. Handbært fé lækkar um 20% á milli 3F 2016 og 3F 2017. Fjárfestingar á 3F 2017 voru 1.778 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til söluverðs seldra rekstrarfjármuna. Nettó vaxtaberandi skuldir eru hærri í lok september 2017 en á sama tíma 2016 en félagið keypti í september 2017 fasteignina að Klettagörðum 13 fyrir 1.650 m.kr. og tók skammtímalán að fjárhæð 1.500 m.kr.

Kaup N1 á Festi

Þann 3. október 2017 var skrifað undir kaupsamning vegna kaupa N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. Kaupsamningurinn byggir á viljayfirlýsingu sem N1 hf. og SF V slhf. skrifuðu undir þann 9. júní síðastliðinn um helstu skilmála viðskiptanna og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Festi hf.

Festi sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja og rekur 27 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatún, Kjarval og Kr, en félagið á einnig og rekur Bakkann vöruhótel. Festi á 18 fasteignir sem eru annað hvort í leigu til verslana félagsins eða til þriðja aðila og er heildarstærð fasteignanna um 71.500 fermetrar. Heildarvelta Festi var rúmir 39 milljarðar króna á rekstrarárinu sem lauk 28. febrúar 2017.

Í kaupsamningnum er heildarvirði Festi 37,9 milljarðar króna en endanlegt kaupverð hlutafjár mun ráðast af skuldastöðu félagsins við lok yfirstandandi fjárhagsárs 28. febrúar 2018. Gera áætlanir yfirstandandi rekstrarárs ráð fyrir að hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ("EBITDA") verði um 3.340 m.kr og eru 2.125 m.kr. króna vegna rekstrarfélaga Festi en 1.215 m.kr. vegna fasteignastarfsemi þess. Heildarvirði félagsins getur tekið breytingum vegna afkomu rekstrarfélaga Festi. Reynist EBITDA rekstrarfélaganna fyrir rekstrarárið sem lýkur 28. febrúar 2018 vera hærri en 2.125 m.kr. skal kaupverð hækka en þó aldrei meira en 1 milljarð króna, þ.e.a.s. verði EBITDA 2.250 m.kr. króna eða hærri. Reynist hins vegar EBITDA rekstrarfélaganna vera lægri en 2.050 m.kr. króna skal kaupverðið lækka en þó aldrei meira en um 1 milljarð króna, þ.e.a.s. verði EBITDA 1.925 m.kr. króna eða lægri. Eins og áður hefur verið tilkynnt er spá stjórnenda N1 að EBITDA félagsins verði á bilinu 3.500 til 3.600 m.kr. á árinu 2017 að undanskildum kostnaði við kaup á Festi og er því áætluð EBITDA sameinaðs félags á yfirstandandi rekstrarári án kostnaðar N1 við kaup á Festi á bilinu 6.840 til 6.940 m.kr. en ekki hefur verið tekið tillit til samlegðar í framangreindum tölum. Áætluð samlegðaráhrif af sameiningu N1 og Festi eru á bilinu 500 til 600 m.kr.

Kaupverð hlutafjár verður greitt annars vegar með 76.086.957 hlutum í N1 á genginu 115, eða sem nemur 8.750 m.kr. og hins vegar með nýrri lántöku. Sölubann er á helming þeirra hluta til 31.12.2018 en seljanda er þó heimilt að framselja bréfin með þeim skuldbindingum til endanlegs eigenda. Komi til viðbótargreiðslu vegna betri afkomu Festi hf. mun sú greiðsla vera í formi hluta í N1 á genginu 115 en þeir hlutir munu jafnframt falla undir framangreint sölubann.

Viðskiptin eru meðal annars háð skilyrðum um að hluthafafundir beggja félaga samþykki kaupin og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki á 2. ársfjórðungi 2018.

Kaup N1 á Klettagörðum 13

Þann 7. september keypti N1 fasteignina að Klettagörðum 13 af FAST-2 ehf. Í lok árs 2012 seldi N1 FAST-2 ehf. eignina en samhliða sölnni leigði félagið hana til baka til 10 ára með kauprétti að henni eftir 5 ár og aftur í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Fasteignin er 8.926 fermetrar og er að mestu notuð undir vöruhúsastarfsemi félagsins en þar er einnig fyrirtækjaverslun. Kaupverð eignarinnar er 1.653 m.kr. sem samsvarar um 7,3% arðsemi fjárfestingarinnar. EBITDA félagsins hækkar við kaupin um 90 m.kr. og handbært fé frá rekstri hækkar um 120 m.kr. á ársgrundvelli, að öðru óbreyttu.

Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2017

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna á árinu 2017
- Innlendar kostnaðarhækkunarir munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu sem gerir fyrirtækjum erfitt fyrir á samkeppnismörkuðum eins og þeim sem félagið starfar á
- Órói á olíumörkuðum mun valda sveiflum á framlegð og fjárbindingu

EBITDA spá fyrir árið 2017 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.500 – 3.600 m.kr. að undanskildum kostnaði við fyrirhuguð kaup á Festi hf.

Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 105. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok september 2017 nam 27,7 milljörðum króna
- Hluthafafundur 26. október kl. 16 í höfuðstöðvum félagsins, tillaga um að samþykkja kaup félagsins á öllu hlutafé í Festi hf. og heimild til hækkunar á hlutafé.

Kynningarfundur fimmtudaginn 26. október 2017

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 26. október 2017 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Ársreikningur 2017: 21. febrúar 2018
- Aðalfundur 2018: 21. mars 2018

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@n1.is).